



Fundargerð

Fundur í stýrihópi um skólastefnu Reykhólahrepps
fimmtudaginn 24. ágúst 2017, kl. 13.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Árný Huld Haraldsdóttir, Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóri, Birgitta Jónasdóttir deildarstjóri leikskóladeildar Reykhólaskóla, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi. Krístrún Lind Birgisdóttir verkefnastjóri sat fundinn í gegnum Skype. Ágúst Már Gröndal og Ágústa Ýr Sveinsdóttir boðuðu forföll. Fulltrúi foreldrafélags og nemendaráðs hafa ekki verið kjörnir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Sveitarstjóri bauð fólk velkomið og stýrði fundinum í upphafi.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Nefndin skiptir með sér verkum.

*Vilberg Þráinsson kjörinn formaður hópsins. Samþykkt samhljóða.
Ágúst Már Gröndal kjörinn varaformaður, samþykkt samhljóða.
Jóhanna Ösp kjörinn ritari, samþykkt samhljóða.*

Kjörinn formaður tók við stjórn fundarins.

2. Framkvæmdaáætlun um gerð og innleiðingu skólastefnu fyrir Reykhólaskóla.

*Lögð er fram framkvæmdaáætlun sem unnin er af verkefnastjóra.
Verkefnastjóri fór yfir áætlunin með hópnum.*

Gerðar smávægilegar breytingar.

Gert er ráð fyrir stórum íbúafundi um skólastefnu 31. ágúst 2017.

Áætlunin lögð fram til samþykktar, með breytingum. Verkáætlun samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

Fundargerð lesin, fundi slitið 14:30
